



Stjórnarráð Íslands
Heilbrigðisráðuneytið

hrn@hrn.is
545 8700

Síðumúla 24,
108 Reykjavík

stjornarradid.is

Umboðsmaður barna
Guðríður Bolladóttir
Kringlunni 1
103 Reykjavík

Reykjavík 29. nóvember 2022

Tilv.: HRN22100181/08.21

Efni: Greiðslubátttaka í tannréttingum barna.

Heilbrigðisráðuneytið vísar til bréfs umboðsmanns barna, dags. 13. október 2022, um greiðslubátttöku sjúkratrygginga í tannréttingum barna. Í bréfinu er vísað til reglugerðar nr. 451/2013, um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði sjúkratryggðra við tannlækningar, og að fjárhæð styrkja vegna tannréttinga hafi staðið óbreytt um langt árabil.

Stefna heilbrigðisráðherra er að einstaklingar hafi greiðan aðgang að viðeigandi heilbrigðisþjónustu þegar hennar er þörf og í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar kemur fram að aðgengi allra að heilbrigðisþjónustu sé réttlætismál. Lækkun á greiðslubátttöku einstaklinga vegna heilbrigðisþjónustu er liður í því að bæta aðgengi að heilbrigðisþjónustu. Góð munnheilsa er mikilvægur þáttur í almennu heilbrigði og skiptir miklu máli fyrir heilsu og líðan fólks. Mikilvægt skref til að minnka heilsufarslegan ójfnuð milli þjóðfélags hópa er að lækka greiðslubátttöku einstaklinga m.a. vegna tannréttinga.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar kemur fram að áfram skuli draga úr greiðslubátttöku einstaklinga til að tryggja aðgengi að heilbrigðisþjónustu með áherslu á viðkvæma hópa. Meðal annars með því að hækka styrki til barna og ungmenna í tannréttingum. Innleiðing verði í áföngum samfara gerð samnings við tannlækna með sérfræðileyfi í tannréttingum um þjónustuna. Þann 10. október sl. sendi heilbrigðisráðuneytið Sjúkratryggingum Íslands samningsmarkmið vegna fyrirhugaðs nýs samnings um tannréttingar barna. Þar kemur m.a. fram að gera skuli samning um þjónustuna þar sem kveðið sé á um það gjald sem þjónustuveitendur fá fyrir umsamda þjónustu (bindandi gjaldskrá). Þjónustuveitendum verði þannig óheimilt að krefja sjúkratryggða einstaklinga um frekara gjald fyrir umsamda þjónustu, sbr. 2. mgr. 43. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar.

Í samræmi við framangreint er fyrirhugað að auka framlög til að niðurgreiða tannréttingar barna og ungmenna að 18 ára aldri á árunum 2023-2025. Í fjármálaáætlun er gert ráð fyrir að hækkun styrkja verði í þremur áföngum á árunum 2023-2025. Forsendan fyrir hækkun er þó að samningar náist um þjónustuna þannig að tryggt sé að hækkun styrksins skili sér til sjúkratryggðra.

Fyrir hönd heilbrigðisráðherra

Guðlaug Einarsdóttir

Anna Birgita Ómarsdóttir

